



Alþingi
Erindi nr. P 143/876
komudagur 22.1.2014

Nefndasvið Alþingis

Skagafjörður, 22. janúar 2014
nr. erindis 1401059 IE

Á 94. fundi Umhverfis- og samgöngunefndar Skagafjarðar 21. janúar. 2014 sl., var tekið fyrir neðangreint erindi:

Umsagnarbeiðni, tillaga til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulsþjóðgarðs

Lögð var fram til umsagnar tillaga til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulsþjóðgarðs.

Nefndin telur almennt að stofnun þjóðgarðs um Hofsjökul sé af hinu góða. Ein af forsendum stofnunar þjóðgarðs er vandaður undirbúningur og samráð við sveitarfélög, landeigendur, ferðaskipuleggjendur og aðra hagsmunaaðila. Samkvæmt lögum um náttúruvernd eru ýmsar kvaðir lagðar á landnotkun og umgengni almennings innan þjóðgarða, m.a. hvað varðar umferð ferðamanna, útivistarfólks, vélsleðafólks, hestamanna, jeppamanna o.fl. Ýmis konar kostnaður fylgir stofnun þjóðgarðs og til uppbyggingar, skipulagningar og reksturs þjóðgarða þurfa að fylgja verulegir fjármunir eigi þeir að standa undir nafni. Nefndin telur að betra sé að ljúka uppbyggingu þeirra þjóðgarða sem þegar hafa verið stofnaðir og nýta þá reynslu til að skapa sátt um ferðatilhögun, skipulagningu o.fl. innan þeirra áður en stofnað verður til nýs þjóðgarðs.

Afgreiðsla nefndarinnar er gerð með fyrirvara um staðfestingu Sveitarstjórnar Skagafjarðar og verður þér gert viðvart verði afgreiðsla á annan veg í sveitarstjórn heldur en hér er tilkynnt.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. Umhverfis- og samgöngunefndar

Indriði Einarsson
sviðsstjóri veitu- og framkvæmdasviðs